



Alþingi  
Erindi nr. P 130/2638  
komudagur 23.7.2004

22. júlí 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þskj. 1309 – 852. mál.

#### *Inngangur*

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 27. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í ljósi mikilvægis lífeyrissjóða fyrir fjármálakerfið hér á landi telur Seðlabanki Íslands mikilvægt að í lögum séu gerðar skýrar kröfur um að stjórnunarhættir og starfsemi lífeyrissjóða séu með traustum og faglegum hætti. Seðlabankinn telur að á undanförunum árum hafi náðst verulegur árangur í því að efla faglega starfsemi lífeyrissjóða, m.a. með auknu eftirliti. Mikilvægt er að haldið verði áfram á þeirri braut.

Seðlabankinn vill koma að eftirfarandi ábendingum um ákvæði frumvarpsins:

#### *Um 1. gr.*

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir orðunum „kjörtímabil þessara aðila“ í 5. tl. 2. mgr. 27. gr. laganna komi: sem þó skal að öllu jöfnu ekki vera lengra en sex ár.

Seðlabankinn telur að æskilegt sé að kveða á um hámarkslengd kjörtímabils stjórnarmanna í lögum nr. 129/1997. Til greina kemur að breyta lögunum til samræmis við ákvæði 8. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Þar segir að umboð stjórnarmanns hlutafélags gildi þann tíma sem er tiltekinn í samþykktum og að kjörtímabili skuli vera lokið við lok aðalfundar, í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

Þótt orðalag 1. gr. frumvarpsins bendi til þess að stjórnarmaður í lífeyrissjóði geti verið endurkjörinn benda athugasemdir í greinargerð frumvarpsins til þess að stefnt sé að því að sami maður skuli ekki sitja

lengur en sex ár í stjórn lífeyrissjóðs. Ekki er ljóst hvort átt sé við að samanlögð stjórnarseta, sem getur spannað fleiri en eitt kjörtímabil, skuli ekki vera lengri en sex ár, eða hvort hvert kjörtímabil skuli að hámarki vera sex ár án möguleika á endurkjöri. Sé þetta markmið frumvarpsins telur Seðlabankinn að hér sé of langt gengið í því að takmarka stjórnarsetu í lífeyrissjóði. Vel má vera að það samrýmist hagsmunum lífeyrissjóðs að stjórnarmaður verði endurkjörinn í stjórn að kjörtímabili loknu.

*Um 2. gr.*

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 6. tölul. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 þannig að kveðið verði á um að stjórn lífeyrissjóðs ákveði hver skuli vera fulltrúi af hálfu lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað og að *leitast skuli við að tilnefna óvilhalla aðila utan stjórnar*, þ.e. utan stjórnar lífeyrissjóðsins.

Að mati Seðlabankans kann seta sama manns í stjórn lífeyrissjóðs og í stjórn atvinnufyrirtækis, sem lífeyrissjóðurinn á verulegan hlut í, (tvöföld stjórnarseta) að valda hagsmunaárekstrum og skaða hagsmuni sjóðsins. Er þá einkum um að ræða misbeitingu stjórnunarvalds í fyrirtækinu í þágu stjórnarmanns eða annarra sem ekki samrýmast þeim hagsmunum lífeyrissjóðsins sem viðkomandi stjórnarmanni er ætlað að gæta á grundvelli umboðs stjórnar lífeyrissjóðsins. Enn fremur getur tvöföld stjórnarseta torveldað stjórnun sjóðsins, innra eftirlit og eftirlit stjórnar með sjóðnum.

Með því að leggja bann við tvöfaldri stjórnarsetu væri dregið úr hættu á slíkum hagsmunaárekstrum. Á hinn bóginn kæmi slíkt bann ekki í veg fyrir hagsmunaárekstra af þessu tagi, enda má vel vera að fulltrúi stjórnar lífeyrissjóðs sem situr í stjórn atvinnufyrirtækis, án þess að sitja í stjórn sjóðsins, misbeiti stjórnunarvaldi sínu þannig að hagsmunir sjóðsins skaðist. Þá kann slíkt bann í einhverjum tilfellum að draga úr skilvirkni í stjórnun lífeyrissjóða og hagsmunagæslu fyrir þeirra hönd.

Í 2. gr. frumvarpsins er ekki kveðið afdráttarlaust á um bann við setu stjórnarmanns lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis. Ekki eru veittar skýrar leiðbeiningar um mat á því hvenær slík tvöföld stjórnarseta kunni að vera réttmæt. Því leikur nokkur vafi á um skuldbindingar þessa ákvæðis frumvarpsins.

Í 2. gr. frumvarpsins er jafnframt kveðið á um að fulltrúar lífeyrissjóðs í stjórnnum stofnana eða atvinnufyrirtækja skuli vera óvilhallir. Seðlabankinn telur að nokkur vafi leiki á um hvað þessi krafa felur í sér.

Í greinargerð kemur fram að átt sé við að stjórnarmenn skuli vera óháðir í skilningi nýlegra leiðbeininga um stjórnunarhætti fyrirtækja, þ.e. að viðkomandi stjórnarmaður sé óháður viðkomandi atvinnufyrirtæki. Í greinargerðinni er talið að jafna megi setu stjórnarmanna í lífeyrissjóðum við það að vera meðal ædstu stjórnenda annars fyrirtækis skv. leiðbeiningunum. Seðlabankinn telur að þörf hefði verið á nánari rökstuðningi og leiðbeiningum í greinargerð um þetta atriði, og að óheppilegt sé að túlkun á ákvæði því, sem lagt er til í frumvarpinu, velti á túlkun á áður nefndum leiðbeiningum.

Seðlabankinn telur að jafnvel þótt komist yrði að þeirri niðurstöðu að stjórnarmaður í lífeyrissjóði teldist ekki óháður stjórnarmaður í atvinnufyrirtæki, sem lífeyrissjóðurinn ætti verulegan hlut í, væri þar með ekki sjálfgefið að fulltrúi stjórnar lífeyrissjóðsins (án setu í stjórn sjóðsins) sem sæti í stjórn atvinnufyrirtækis teldist óháður fyrirtækinu í skilningi leiðbeininganna. Slíkum fulltrúa er ætlað að gæta hagsmuna lífeyrissjóðsins þótt hann ætti ekki sæti í stjórn sjóðsins, sbr. 6. tölul. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 ( „...fulltrúi af hálfu lífeyrissjóðs í stjórn...“ ).

Seðlabankinn telur því æskilegt að reglur um hæfisskilyrði fulltrúa stjórnar lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis væru mun nákvæmari og skýrari en fram kemur í 2. gr. frumvarpsins.

*Um a-lið 3. gr.*

Hér er lagt til að bætt verði inn í lög nr. 129/1997 ákvæði um hæfisskilyrði stjórnarmanna sem svipar til 2. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Seðlabankinn telur eðlilegt að sambærilegar kröfur séu gerðar til stjórnarmanna lífeyrissjóða að þessu leyti.

*Um b-lið 3. gr.*

Hér er lagt til að tekið verði inn í lög nr. 129/1997 ákvæði um þátttöku stjórnarmanna í meðferð mála sem er sama efnis og 1. mgr. 55. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Seðlabankinn telur eðlilegt að sambærilegar kröfur séu gerðar til stjórnarmanna lífeyrissjóða að þessu leyti.

*Um 4. gr.*

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði inn í lög nr. 129/1997 ákvæði um hæfisskilyrði starfsmanna lífeyrissjóðs í verðbréfavíðskiptum og eignastýringu sem svipar til 1. mgr. 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Seðlabankinn telur eðlilegt

að sambærilegar kröfur séu gerðar til starfsmanna lífeyrissjóða að þessu leyti.

*Um 5. gr.*

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að beita lífeyrissjóði og stjórnendur hans sektum ef í ljós kemur að starfsemi sjóðsins er ekki í samræmi lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins. Tekið er fram að um sektirnar fari skv. lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í 45. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 20. gr. laga nr. 11/2000, segir að um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gildi, eftir því sem við geti átt, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Jafnframt segir að heimilt sé að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit. Í lögum nr. 129/1997 er því þegar að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að beita dagsektum og féviti þegar lífeyrissjóðir eiga í hlut.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á féviti eða dagsektir skv. lögum nr. 87/1998 er takmörkuð við eftirlitsskylda aðila. Með því að veita Fjármálaeftirlitinu heimild í lögum nr. 129/1997 til að sekta stjórnarmenn lífeyrissjóða væru eftirlitinu veittar rýmri heimildir en kveðið er á um í lögum nr. 87/1998 að þessu leyti. Seðlabankinn telur að huga þurfi vel að áhrifum þess að veita slíka heimild.

Þá er þess að geta að í 55. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um viðurlög í formi sekta eða fangelsis vegna brota á lögnum. Stjórnendur og starfsmenn lífeyrissjóða geta sætt refsíabyrgð skv. þessu ákvæði.

*Um 6. gr.*

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að við 38. gr. laga nr. 129/1997 verði bætt ákvæði um að stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, starfsmenn eignastýringar og endurskoðendur lífeyrissjóðs skuli upplýsa stjórn um hagnunatengsl sín skv. II. kafla stjórnsýslulaga.

Í 2. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997 segir að um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs til meðferðar máls fari eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Eðlilegt er því að líta svo á að stjórnarmanni lífeyrissjóðs beri að upplýsa formann stjórnar um hugsanlegt vanhæfi sitt, enda segir í 1. mgr. 5. gr. síðarnefndu laganna að starfsmaður, sem viti um ástæður er kunnir að valda vanhæfi hans, skuli án tafar vekja athygli yfirmanns stofnunar á þeim.

Seðlabankinn telur að ástæða kunnir að vera til að setja ákvæði í lög nr. 129/1997 sem efnislega sé á þá leið sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins. Hins vegar væri æskilegt að slíkt ákvæði kæmi í stað

núverandi 2. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997. Nýja málsgreinin kvæði þá á um að ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 gildi um hæfi viðkomandi manna, auk þess sem það kvæði á um skylduna til að upplýsa stjórn lífeyrissjóðsins um vanhæfisástæður.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Eiríkur Guðnason  
bankastjóri



Jón Sigurðsson  
bankastjóri